

Tilmæli 16/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1798/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um rafræna lyfseðla á Norðurlöndum (A 1798/välfärd)

Rafrænir lyfseðlar á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norðurlandabúar geti leyst út lyf samkvæmt rafrænum lyfseðlum alls staðar á Norðurlöndum

að rafrænir lyfseðlar frá Norðurlöndum gildi innan Evrópusambandsins

að hún feli skrifstofunni að semja nefndarálit þar sem fram kemur að nefndin meti það mikils að verkefnið *Lösningar för vård och omsorg på distans inklusive e-recept* (Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænir lyfseðlar) (VOPD) fari fram

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs